Sameiginleg yfirlýsing aðildarsveitarfélaga Héraðsskjalasafns Austfirðinga

Á aukaaðalfundi Héraðsskjalasafns Austfirðinga, sem haldin var þann 30. janúar 2014, var samþykkt að selja 26,3% eignarhlut safnsins í fasteigninni að Laufskógum 1, Fljótsdalshéraði. Kaupandinn er sveitarfélagið Fljótsdalshérað og var samhliða sölu eignarinnar gerður langtímasamningur á milli aðila um afnot og leigu þannig að húsnæðismál safnsins verða í raun alfarið á hendi Fljótsdalshéraðs.

Sambærilegur samningur verður gerður um hlut Minjasafns Austurfirðinga, þannig að frá með 1. janúar 2014 er Fljótsdalshérað eini eigandi hússins, en fyrir átti sveitarfélagið eignarhluta Bókasafns Héraðsbúa.

Aðildarsveitarfélög Héraðsskjalasafnsins telja að með því að einfalda eignarhald fasteignarinnar með þessum hætti verði rekstur, viðhald og annað sem tengdist eigninni með markvissari hætti. Þá kveða umræddir samningar á um að Fljótsdalshérað leggi 30 millj. kr. í viðhald og endurbætur á safnahúsinu á árunum 2014 og 2015 og þannig verði brugðist við því viðhaldi húsnæðisins sem ekki hefur verið sinnt með fullnægjandi hætti undanfarin ár.

Egilsstöðum 30. janúar 2014